



Reykjavík, 4. mars 2026
SFS26030038

Tillaga

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Steinn Jóhannsson sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Tillaga um breytingar á reglum um skólahverfi, umsókn og innritun í grunnskóla Reykjavíkurborgar

Sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs leggur til að gerðar verði svohljóðandi breytingar á reglum um skólahverfi, umsókn og innritun í grunnskóla Reykjavíkurborgar:

Lagt er til að gerð verði breyting á **1. mgr. 1. gr** en ákvæðið er svohljóðandi:

Í Reykjavík eru 36 grunnskólar reknir af Reykjavíkurborg en borginni er skipt upp í 36 skólahverfi.

Lagt er til að **1. mgr. 1. gr.** verði svohljóðandi:

Í Reykjavík eru 38 grunnskólar reknir af Reykjavíkurborg en borginni er skipt upp í 36 skólahverfi.

Lagt er til að gerð verði breyting á **2. gr.** en ákvæðið er svohljóðandi:

Börn með lögheimili í Reykjavík sem eru að byrja í 1. bekk grunnskóla eru skráð án umsóknar í hverfissskóla við skólaskylduð. Foreldrar fara inn á Mínnar síður á þjónustuvef Reykjavíkur og staðfesta skráningu í grunnskóla. Í skráningarferlinu geta foreldrar sótt um annan skóla en hverfissskóla.

Ef barn með lögheimili í Reykjavík fer ekki í grunnskóla Reykjavíkurborgar er gert ráð fyrir að foreldrar afþakki skólavist og skrái ástæðu til dæmis hvort sótt hefur verið um í sjálfstætt reknum grunnskóla eða um er að ræða flutning úr sveitarfélaginu eða flutning úr landi.

Umsóknir um flutning á milli grunnskóla Reykjavíkurborgar og þeirra sem ekki eru með lögheimili í Reykjavík fara fram í gegnum Mínnar síður á þjónustuvef



Reykjavíkurborgar. Þar er einnig sótt um skólavist í Reykjavík fyrir nemendur sem eru að flytjast til Reykjavíkur.

Upplýsingar um skráningu á Mínum síðum er að finna á heimasíðunni www.reykjavik.is.

Lagt er til að **2. gr.** verði svohljóðandi:

Börn með lögheimili í Reykjavík *eiga rétt á skólavist* í hverfissskóla við skólaskyldualdur. Foreldrar fara inn á *Mínar síður á Island.is* og staðfesta skráningu í grunnskóla. Í skráningarferlinu geta foreldrar sótt um annan skóla en hverfissskóla. *Eftir að foreldrar hafa staðfest skráningu þarf skólinn að staðfesta innritun.*

Ef sótt er um annan grunnskóla en hverfissskóla og umsókn er synjað þarf að skrá barn í hverfissskóla eða sækja um annan grunnskóla.

Umsóknir um flutning á milli grunnskóla Reykjavíkurborgar og þeirra sem ekki eru með lögheimili í Reykjavík fara fram í gegnum *Mínar síður á Island.is*

Upplýsingar um skráningu á *Mínum síðum á Island.is* er að finna á heimasíðunni www.reykjavik.is.

Lagt er til að **gr. 3.5** sem er svohljóðandi verði felld út:

Hafni grunnskóli inntöku nemanda í skóla utan skólahverfis verður barn sjálfkrafa skráð án umsóknar í hverfissskóla út frá lögheimili í Reykjavík. Vilji foreldrar ekki una þeirri skráningu geta þeir sótt um nýjan grunnskóla á Mínum síðum Reykjavíkurborgar. Framangreint á eingöngu við um innritun nemenda í 1. bekk en ekki þegar sótt er um flutning á milli grunnskóla Reykjavíkurborgar eða nýjan grunnskóla fyrir þau sem ekki eru með lögheimili í Reykjavík.

Lagt er til að vegna brottfalls **gr. 3.5** breytist **gr. 3.6** í **gr. 3.5** og **gr. 3.7** í **gr. 3.6**.

Lagt er til að gerð verði breyting á **4. gr.** en ákvæðið er svohljóðandi:

Tilkynning um hvenær hægt er að staðfesta skráningu eða skrá nemendur í 1. bekk grunnskóla er send foreldrum í byrjun árs. Foreldrar fara inn á *Mínar síður á þjónustuvef Reykjavíkur* og staðfesta skráningu í grunnskóla, sækja um annan skóla en hverfissskóla eða veita upplýsingar um aðra skráningu í skóla. Ef hverfissskóli nemanda er valinn berst staðfesting um skráningu í skólann strax. Ef sótt er um annan skóla en hverfissskóla er umsókn afgreidd þegar fyrir liggur fjöldi nemenda sem hefur lögheimili í viðkomandi skólahverfi og hefur valið skólann. Um meðferð umsókna fer skv. 3. gr. þessara reglna.



Lagt er til að **4. gr.** verði svohljóðandi:

Tilkynning um hvenær hægt er að skrá nemendur í 1. bekk grunnskóla er send foreldrum í byrjun árs. Foreldrar fara inn á *Mínar síður á Island.is vegna skráningar í hverfissskóla eða til að sækja um annan skóla en hverfissskóla*. Ef hverfissskóli nemanda er valinn berst staðfesting um *skráningu frá skólastjóra á næstu vikum*. Ef sótt er um annan skóla en hverfissskóla er umsókn afgreidd þegar fyrir liggur fjöldi nemenda sem hefur lögheimili í viðkomandi skólahverfi og hefur valið skólann. Um meðferð umsókna fer skv. 3. gr. þessara reglna.

Lagt er til að gerð verði breyting á **5. gr.** en ákvæðið er svohljóðandi:

Foreldrar sækja um flutning á milli skóla á *Mínum síðum á Island.is* þjónustuvef Reykjavíkurborgar. Skóli sem sótt er um samþykkir eða synjar umsókn til samræmis við 3. gr. þessara reglna.

Lagt er til að **5. gr.** verði svohljóðandi:

Foreldrar sækja um flutning á milli skóla á *Mínum síðum á Island.is*. Skóli sem sótt er um samþykkir eða synjar umsókn til samræmis við 3. gr. þessara reglna.

Framangreindar breytingar gildi frá samþykkt borgarráðs.

Greinargerð

Nemendagrunnur er miðlægur gagnagrunnur Miðstöðvar menntunar- og skólajónustu sem geymir áreiðanlegar og samræmdar upplýsingar um alla nemendur á grunnskólaaldri á Íslandi. Markmiðið er að tryggja að réttar upplýsingar fylgi hverju barni í gegnum alla skólagöngu þess frá leikskóla til framhaldsskóla og áfram í nám og þjálfun.

Skóla- og frístundasvið hefur unnið að innleiðingu Nemendagrunns en með tilkomu Nemendagrunns breytist ferlið við skráningu og flutning milli grunnskóla yfir á *Mínar síður Island.is* í stað þess að vera á *Mínar síður* á vef Reykjavíkurborgar. Vegna þessa er nauðsynlegt að gera breytingu á orðalagi reglnanna til að endurspegla breytt fyrirkomulag.

Vegna breytinga á 2. gr:

Í umsókn um grunnskóla á *Island.is* birtist hverfissskóli barns út frá lögheimili þess. Enn er verið að þróa forskráningu í skóla. Markmiðið er að börn verði forskráð í Nemendagrunni, en sú breyting mun hafa lítil áhrif á umsóknarferli fyrir foreldra.

Vegna breytinga á gr. 3.5



Innritun í gegnum Island.is og Nemendagrunn leyfa ekki sjálfvirka skráningu í hverfissskóla og því er hér lagt til að greinin verði felld út. Foreldrar nemenda í Reykjavík sækja um skólavist á ný ef umsókn í skóla utan skólahverfis er hafnað.

Að öðru leyti skýra breytingar sig sjálfar.